

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1293/2009

2010/EES/71/23

frá 23. desember 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 32 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (1), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 (2) voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og tülkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Hinn 8. október 2009 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út breytingu á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 32, fjármálagerningar: framsetning – flokkun forkaupsréttar, hér á eftir nefndur „endurskoðaður IAS-staðal 32“. Breytingin á IAS-staðli 32 skýrir hvernig gera skal grein fyrir ákveðnum réttindum þegar útgefniir gerningar eru tilgreindir í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli útgefandans. Ef slíkir gerningar eru gefniir út í hlutfalli við eign núverandi hluthafa í útgefandanum fyrir fasta fjárhæð handbærs fjár skal flokka þá sem eigið fé, jafnvel þó að nýtingarverð þeirra sé tilgreint í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli útgefandans.
- 3) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er staðfest að breytingin á IAS-staðli 32 uppfylli þau tæknilegu skilyrði fyrir innleiðingu sem sett eru fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Endurskoðunarhópurinn um ráðgjöf um reikningsskilastaðla lagði mat

á álit Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) (3) um stuðning við staðlana, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/505/EB frá 14. júlí 2006 um skipun endurskoðunarhóps um ráðgjöf um reikningsskilastaðla til að ráðleggja framkvæmdastjórninni um hlutlægni og hlutleysi álita EFRAG og tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að álitid væri yfirvegað og hlutlægt.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafaninnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinesfndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 32, fjármálagerningar: framsetning, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunni á IAS-staðli 32, eins og hún er sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð, eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst eftir 31. janúar 2010.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. desember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 347, 24.12.2009, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XXII viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, 21.10.2010, bls. 22.

(1) Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

(3) Stjtið. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 33.

## VIÐAUKI

## ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IAS-staðall 32	Breyting á IAS-staðli 32, <i>Fjármálagæringar: framsetning</i>
----------------	--

„Afríttun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn að frátöldum rétti til afríttunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn má telja. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningskilaráðinu (IASB) [www.iasb.org](http://www.iasb.org)“

## FLOKKUN FORKAUPTSRETTAR

## Breyting á IAS-staðli 32

*Fjármálagæringar: framsetning*

Ákvæðum 11. og 16. liðar er breytt. Lið 97E er bætt við.

SKILGREININGAR (SJÁ EINNIG LIÐI AG3–AG23)

11 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

...

*Fjárskuld er sérhver skuld sem felur í sér:*

a) ...

b) samning sem verður gerður eða hægt er að gera upp í eiginfjárgæringum einingarinnar og er:

- i. óafleiddur gæringur, sem einingin er eða kann að verða skuldbundin til að afhenda breytilegan fjölda eiginfjárgæringa einingarinnar fyrir, eða
- ii. afleiða sem verður eða unnt er að gera upp með skiptum á fastri fjárhæð handbærs fjár eða annarrar fjáreign fyrir fastan fjölda eiginfjárgæringa einingarinnar. Í þessu sambengi eru réttindi, valréttur eða kaupréttur til að kaupa fastan fjölda af eiginfjárgæringum eignarinnar fyrir fasta fjárhæð í hvaða gjaldmiðli sem er, eiginfjárgæringar ef einingin býður öllum sínum núverandi eigendum í sama flokki óafleiddra eiginfjárgæringa réttindi, valrétt og kauprétt í réttu hlutfalli. Ennfremur taka eiginfjárgæringar einingar í þessu skyni...

## FRAMSETNING

Skuldir og eigið fé (sjá einnig liði AG13–AG14J og AG25–AG29A)

16 Þegar útgefandi beitir skilgreiningunum í 11. lið til að ákvarða hvort fjármálagæringur sé fremur eiginfjárgæringur en fjárskuld er gæringurinn eiginfjárgæringur ef og aðeins ef skilyrðin í bæði a- og b-lið hér á eftir eru uppfyllt.

a) ...

b) Ef gæringurinn verður gerður upp, eða hægt er að gera hann upp, í eiginfjárgæringum útgefandans, er hann:

- i. gæringur sem er ekki afleiddur og felur ekki í sér samningsbundna skyldu fyrir útgefandann um að afhenda breytilegan fjölda eiginfjárgæringa sinna eða
- ii. afleiða sem verður aðeins gerð upp þannig að útgefandi skipti á fastri fjárhæð handbærs fjár eða annarrar fjáreignar fyrir fastan fjölda sinna eigin eiginfjárgæringa. Í þessu sambengi eru réttindi, valréttur eða kaupréttur til að kaupa fastan fjölda af eiginfjárgæringum eignarinnar fyrir fasta fjárhæð í hvaða gjaldmiðli sem er, eiginfjárgæringar ef einingin býður öllum sínum núverandi eigendum í sama flokki óafleiddra eiginfjárgæringa réttindi, valrétt og kauprétt í réttu hlutfalli. Í þessu tilvikum taka eiginfjárgæringar útgefanda ekki heldur til gæringa sem hafa öll einkenni og uppfylla skilyrðin, sem er lýst í liðum 16A og 16B eða liðum 16C og 16D, eða gæringa sem eru samningar um móttöku eða afhendingu eigin eiginfjárgæringa útgefandans í framtíðinni.

Samningsbundin skylda ...

## GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

97E Ákvæðum 11. og 16. liðar var breytt með Flokkun forkaupsréttar sem gefin var út í október 2009. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. febrúar 2010 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrir. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrria tímabil skal hún greina frá því.

